

5. Frumvarp

til laga um lögræði.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Lögræði er tvennskona: sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráður og fjárráður er fullráður.

Leyfisbrjef til lögræðis verða ekki veitt.

2. gr.

Maður er sjálfráður, kona sem karl, þá er hann er 16 ára gamall, enda sje hann ekki sviftur sjálfræði.

Sjálfráður maður ræður einn öðru en fje sínu, að svo miklu leyti, sem annað er ekki sjerstaklega áskilið, svo sem í 6. lið 3. gr. tilsk. 30. apríl 1824, sbr. konungsbrjef 7. desbr. 1827, í 20. gr. tilsk. 25. sept. 1850 og í 1. gr. laga 12. maí 1882, nr. 9.

Rjúfi sjálfráður maður lögsmætar ráðstafanir sínar, bæti af fje sínu.
Ráðstafanir ósjálfráðs eru ógildar.

3. gr.

Foreldri ráða í sameiningu ósjálfráðum börnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum, nema svo sje að kvænst eða gifst hafi aftur. Þá ráða hjónin börnunum í sameiningu. Nú eru bæði foreldri lätin en stjúpforeldri í lífi, og ræður þá stjúpforeldri börnunum, beri því að framfæra og framfæri það börnin. Sjeu foreldri skilin, hvort heldur að fullu eða að borði og sæng, þá ræður hvort foreldri börnum þeim, sem hjá því eru. Ákvæði málsgreinar þessarar eiga ekki við efni, sem sjerstaklega er lögsmælt um, svo sem um uppfræðslu barna í trúbrögðum, sbr. 3. og 9. gr. laga 19. febr. 1886, nr. 4.

Óskilgetnu barni ræður módir þess.

Sje foreldri ekki trúandi fyrir barni eða sje foreldri ekki til, þá ræður skipaður forráðamaður barni til fullnaðs sjálfræðisaldurs.

4. gr.

Maður er fjárráður, kona sem karl, þá er hann er 21 árs gamall, enda sje hann ekki sviftur fjárræði.

Ekkjur og konur, er skilið hafa við bændur sína, hvort heldur að fullu eða að borði og sæng, eru fjárráðar, þó að yngri sjeu en 21 árs.

Fjárráður maður ræður einn fje sínu, jafnt til hverskonar ábyrgðar fyrir aðra sem til eigin þarfa, nema því að eins að öðruvisi sje sjerstaklega áskilið, svo sem í 4. og 15. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3.

Ráðstafanir óráðs manns um fjármál eru ógildar, nema því að eins, að lúti að sjálfsaflafje eða gjafafje, eða öðruvisi sje sjerstaklega ákveðið, svo sem í 2. gr. nýnefndra laga.

5. gr.

Nú er sjálfráður maður eða fjárráður ekki fær um að ráða sjer eða fje sínu sjálfur, vegna vanheilsu eða vanþroska á sál eða líkama, eða af öðrum ástæðum, svo sem vegna drykkjuskapar eða eyðslusemi, og skal hann þá sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja og honum fenginn lögráðamaður.

6. gr.

Hjeraðsdómarar svifta mann sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja með úrskurði, er kveðinn skal upp fyrir rjetti að varnarþingi hans, og fer að öðru leyti um lögræðissvifting eftir reglum þeim, sem hingað til hefir verið farið eftir um svifting fjárræðis. Úrskurðinum má sá, sem sviftur er sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, eða lögráður maki hans, lögrátt foreldri, barn, systkin eða jafnmægður í hans stað, skjóta til landsyfirdóms.

Á sama hátt skal fara að ef veita á lögræðissviftum aftur mist lögræði.

7. gr.

Dómarar skulu í úrskurðum um svifting lögræðis kveða skýlaust á um

það, hvort maður er sje sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, enda sje ástæðna getið.

Úrskurðinn skal birta með stefnuvottum fyrir lögræðissviftum eða, sje hann vitskertur, fyrir næsta venslamanni, svo og i lögbirtingablaði landsins. Svo skal og þinglýsa úrskurðinum að varnarþingi lögræðissvifts.

Eigi lögræðissviftur fasteign, hjer skrásett skip eða reki hann atvinnu, sem geta ber eða getið er i verslunarskrá, skal þinglýsa úrskurðinum á varnarþingi fasteignar og skipa og bóka athugasemd um úrskurðinn i verslunarskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnarvöldum, er um hann þurfa að vita. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

8. gr.

Allar þær ráðstafanir skulu vera ógildar, er sjálfræðis- eða fjárræðis- sviftur hefir gjört eftir þinglýsing úrskurðar að varnarþingi hans, eða sje um að ræða ráðstöfun á fasteign eða skipi eftir fyrirframinnfærslu úrskurðar i þinglýsingabók — enda sje úrskurðinum þinglýst innan lögtekens tíma — eða, eftir ritun athugasemdar i verslunarskrá, sje um gjörð að ræða, er snertir skrásetningarskyldu eða skrásetta atvinnu. Hins vegar eru allar ráðstafanir lögræðissvifts gildar, er áður hafa verið gjörðar, nema það sannist að sá, er rjettarvon átti að ráðstöfuninni, hafi vitað af úrskurðinum, þó að óþinglýstur eða óbokaður væri.

Það er skylda sýslumanns og bæjarfógeta, að viðlagðri skaðabótaskyldu samkvæmt algengum reglum, að geta úrskurðar i þinglýsingarabók fasteigna og i skipa- og verslunarskrám, þegar þeir taka við úrskurðarefriti eða lögbirtingablaði, þar sem úrskurðurinn er birtur.

9. gr.

Nú er úrskurði um sviftingu lögræðis skotið til landsyfiriðettar, og skipar þá dómstjóri löggiltan yfirjettarmálafærslumann til að sækja málið af hendi þess, er sviftur er lögræði og annan til varnar. Málsvarar geta, hvor um sig, lagt fram nýjar skýrslur i yfirdómi, og eftir atvikum heimtað málavexti prófaða i hjeraði. Málskostnaður i yfirdómi greiðist af almannaþje. Að öðru leyti fer um meðferð málsins þar svo sem um »opinber« mál.

Fallist yfirdómur á kröfu um rannsókn málavaxta i hjeraði, skulu málavextir rannsakaðir þar eftir reglum almennra lögreglumála og þær skýrslur útvegaðar, er yfirdómur hefir krafist. Þó skal ávalt skipa þeim, er sviftur hefir verið lögræði, valinkunnan rjettargæslumann. Málskostnaður i hjeraði greiðist af almannaþje.

Hafi úrskurðar um lögræðissviftingu verið aflað með röngum skýrslum á að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögræðissviftingin hefir gefið tilefni til, og skulu þeir að öðru leyti sæta ábyrgð eftir lögum.

10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar eftirrit af úrslitaúrskurði yfirdóms, en stjórnarráðið sendir aftur stjórnarvöldum þeim, er hlut eiga að máli. Hafi yfirdómur felt úrskurð hjeraðsdómara úr gildi, ber stjórnarvöldunum

þegar að afmá þann úrskurð úr bókum sínum, og síðan að aflýsa úrskurðinum, hafi honum verið þinglýst, hvorttveggja endurgjaldslaust.

11. gr.

Nú er maður ólögráður, sökum æsku eða maður er sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, og skal þá sýslumaður hans eða bæjarfógeti skipa honum lögráðamann, ósjálfráðum vegna æsku þó því að eins að lögborinn ráðamaður sje eigi til samkv. 3. gr. Þær skipanir, er gjörðar kunna að vera samkv. gildandi lögum, standa þó óraskaðar, þangað til ólögráður verður lögráður.

Lögráðamaður má eigi yngri vera en 25 ára, enda sje hann vandaður maður og ráðdeildarsamur, sæmilega að sjer og heill heilsu, fjár sins ráðandi og ekki öðrum háður sem hjú. Lögráðamaður má vera kona sem karl. Að öðru jöfnu skal skipa venslamann.

Sje ólögráður skilgetinn, skal skipa föður, ef faðir er til en ella móður. Sje hvorugt til, skal skipa stjúpföður eða stjúpmóður, enda sje stjúpforeldri skylt að framfæra ólögráðan og framfæri hann. Sje ekkert þeirra til, skal skipa bróður eða systur. Sje hvorugt til, skal skipa föðurföður eða móðurföður. Sje hvorugur til, skal skipa föðurmóður eða móður-móður. Sje hvorki afi nje amma til, skal skipa föðurbróður eða móðurbróður. Sje hvorugur til, skal skipa jafnnáið eða næsta skyldmenni. Föðurskyldmenni gangi fyrir móðurskyldmennum, alsystkin fyrir hálsystkinum og eldri maður fyrir yngra manni meðal jafnnáinna.

Sje ólögráður óskilgetinn ganga móðurfrændur fyrir öðrum. Þó má skipa óskilfenginn föður, sje móðir ekki til, hafi hann þinglýst ólögráðum, ættleitt hann eða arfleitt.

12. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráðan svo sem sjálfráður maður hefði gjört, nema annað sje sjerstaklega tilskilið, svo sem í 1. gr. laga 16. sept. 1893, nr. 15, í 2. gr. laga 12. janúar 1900, nr. 3, og í 1. gr. laga 30. júlí 1909, nr. 45.

13. gr.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráðan, svo sem fjárráður maður hefði gjört, fullnægi hún skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir gildi ráðstafana lögráðamanns ófjárráðs í tilsk. 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra og í opnu brjefi 4. júní 1864, sbr. tilsk. 23. ágúst 1904, nr. 12.

14. gr.

Um afstöðu lögráðamanns til ófjárráðs og yfirfjárráðanda fer samkv. nefndri tilsk. 18. febr. 1847 og öðrum þar að lútandi ákvæðum, svo sem alið 83. gr. skiftalaganna 12. apríl 1878.

15. gr.

Peir, sem orðnir eru 18 ára gamlir en hafa ekki fyllt 21 ár, þá er lög þessi öðlast gildi, eru hálfraðir fjár sins, og fer að öllu leyti um þá eftir þar

að lútandi nú gildandi lögum, þangað til þeir fylla 21 ár. Að öðru leyti er hálfbræði um fjármál úr lögum numið.

Lögin taka jafnt til þeirra, er fyllt hafa 21 ár fyrir gildistöku þeirra, sem til hinna, sem ná þeim aldri síðar.

16. gr.

Eftirfarandi ákvæði eru úr gildi numin: a- og b-liðir 1. gr. I. kap. tilsk. 21. desbr. 1831, sbr. þó fyrri mgr. næstu gr. hjer á undan, 1. gr. og 2. mgr. 15. gr. tilsk. 18. febr. 1847, opið brjef 4. janúar 1861, er lögleiðir á Íslandi dönsk lög 29. desbr. 1859 um myndugleika kvenna, 10. gr. laga 12. janúar 1900. nr. 3, lög 20. oktbr. 1905 nr. 17, svo og öll önnur ákvæði, er koma kynnu í bágu við lög þessi, þar á meðal aldurstakmark 5. gr. laga 16. september 1893, nr. 15, og komi þar, í stað orðanna »18 ára« orðin: »16 ára«.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Efri deild Alþingis 1911 samþykki svofelda þingsályktun:

»Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að rannsaka, eða láta rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta reglulega Alþingi frumvarp til laga um það efni«.

Þáverandi ráðherra leitaði með brjefi 1. júní s. á. álits og tillagna lagadeildar háskólans um þetta efni. Lagadeildin fól málið kennaranum í persónurjetti, prófessor Lárusi H. Bjarnason. Hann samdi frumvarp með ástæðum og athugasemdum og lagði fyrir deildina í mars 1913. Deildin tók frumvarpið til umræðu á tveim fundum, og sendi síðan með brjefi 1. apríl s. á, frumvarpið til stjórnarráðsins með þeim ummælum, að lagadeildin hefði fyrir sitt leyti fallist á frumvarpið. Frekara var ekki gjört í málinu þá.

Ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið, sem fer í þá átt, er Alþingi virðist hafa hallast að, að öðru leyti en því, að rjettara hefir þótt að fá dómstólunum í hendur lögræðissviftingarvaldið að öllu leyti, en að leggja það í hendur bæði umboðsstjórnar og dómstóla, eins og gert er í frumvarpinu.

Breytingar hafa því verið gerðar á frumvarpinu að þessu leyti (6.—10. gr.), en annars er frumvarpið tekið upp óbreytt.

Um málið er að öðru leyti vísað til ástæðna þeirra og athugasemda prófessors Lárusar H. Bjarnason, sem áður er getið, og prentaðar eru í fylgiskjali með frumvarpinu. Hinar breyttu greinar eins og þær eru í frumv. eru prentaðar síðast í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

Með brjefi, dags. 1. júní 1911, sendi stjórnarráðið mjer þingsályktunartillögu etri deildar Alþingis það ár á þingskjali 205 og fal mjer jafnframt, sem

þáverandi forstöðumanni lagaskólans, að láta sjer í tje átit mitt og tillögur minar og meðkennara minna um efni tillögunnar, en tillagan var á þessa leið:

»Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að rannsaka eða láta rannsaka, gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta reglulega Alþingi frumvarp til laga um alt það efni«.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði, enda hafði stjórnin ekki sint nálega samhljóða tillögu deildarinnar frá 1909, sem og hafði verið samþykkt með öllum atkvæðum í stað frumvarps um fjárræði, er borið var fram í deildinni það ár.

Lagadeild háskólans fal mjer, sem kennara hjer að lútandi fræðigreinar, að semja væntanlegt frumvarp og ástæður fyrir því. Og nú með því að stjórnarráðið hefir, að gefnu tilefni, nýlega æskt eftir frumvarpi samkv. þingsályktun efri deildar 1911, þá leyfi jeg mjer að senda frumvarpið hjer með og læt því fylgja eftirfarandi ástæður og athugasemdir.

Sú skipun, er gildir hjer á landi um lögræði (myndugleika) er ekki gömul, að eins rúmlega áttæð, enda naumast að öllu leyti samrýnd rjettar-meðvitund almennings.

Ákvæði *Jónsbókar* hjer að lútandi giltu hjer rjetta 5½ öld, eða frá því er bókin var lögtekin á Alþingi 1281 og þangað til tilskipun 21. desbr. 1831 lögleiddi hjer 17. kap. 3. bókar dönsku laga Christians konungs V. En eftir *Jónsbók*¹⁾ urðu menn sjálfráðir (persónulega myndugir) 16 ára gamlir, sjá t. d. Kvennagiftingar 16 og Rjettarbot 1294, 17, og fjárráðir (fjárhagslega myndugir) 20 ára, sjá t. d. Kvg. 2 og 26. Þá skifti ekki nema í tvö horn um fjárræði manna, menn voru annaðhvort alráðir eða alls óráðir um fje sitt. Hálfræði um fjármál (hálfmyndugleiki) var tyrst lögmaelt hjer með ofannefndri tak. frá 1831. — Eftir *Grágás*²⁾ var fjárræðisaldurinn enn lægri heldur en eftir *Jónsbók*, yfirleitt 16 ára, kvennanna þó 20 ára. Og eftir *Járnsíðu*³⁾ varð maður sjálfráður og fjárráður jafnvel 15 ára gamall, Kvennagiftingar III og landa-
brigðabálkur I.

Það hafa ósjaldan heyrst raddir um það, að löggjöf vor um fjárræði væri eigi vel viðunanleg. Breytingum hefir verið hreyft á Alþingi bæði í frumvarpsformi og með þingsályktunartillögum. Árið 1889 og 1899 voru samþykkt frumvörp í því efni. Árin 1891, 1897, og 1909 voru og frumvörp þess efnis borin fram á Alþingi, en ekkert þeirra gekk fram. 1909 og 1911 samþykkti efri deild aftur á móti með öllum atkvæðum þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að rannsaka gildandi ákvæði um »persónulegan og fjárhagslegan myndugleika« og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um »alt það efni«. Alpt. 1909: A: Nr. 270 og 271, B I: 853—57 og 1041—43 og 1911: A: Nr. 205 og B I: 1019—21.

Eftir frumvarpi Alþingis 1889 áttu menn, konur sem karlar, að verða fullráðir fjár sins 21 árs gamlir og hálfæði skyldi úr lögum numið: Alpt.

1) Útg. Ólafs Halldórssonar, Kh. 1904.

2) Konungsbók. Útg. Vilhj. Finsens, Kh. 1852. I, bls. 225—226.

3) Útg. Th. Sveinbjörnssonar, Kh. 1842.

1889, A: 285, 314, 314; B: 254, 302, 316 og 848; C: 206, 244, 270, 287 og 327. En stjórnin synjaði frumvarpinu staðfestingar með brjefi, dags. 31. maí 1890, sjá Stjt. 1890, B, bls. 83—84. Stjórnin bar aðallega fyrir sig, að frumvarpið stofnaði til ósamkvæmni milli hjeraðlútandi íslenskra og danskra laga. Auk þess var stjórnin sammála landshöfðingja um það, að óánægja mundi vera litil eða engin um gildandi fyrirkomulag, um að ísjárvert væri að menn væru alls óráðir um fje sitt alla leið þangað til þeir yrðu 21 árs og að breytingin mundi auka erfiðismuni yfirvalda um eftirlit með fjárgeymslu ófjárráðra.

1891 var sú breyting gjörð á frumvarpinu frá 1889, að hálfraði skyldi haldast og menn eigi vera bærir um að taka að sjer ábyrgð á skuldbindingum annara fyr en 25 ára, en fullráðir fjár sins að öðru leyti áttu menn að verða 21 árs. Breytingar þessar voru gjörðar til þess að vinna fylgi landshöfðingja með frumvarpinu og í von um að því mundi þá byrja betur hjá stjórninni. En á það reyndi ekki, því að frumvarpið fjell með jöfnum atkvæðum við 2. umræðu í efri deild. Alpt. 1891: A: 477, 506; B: 764, 1210, 1314; C: 272, 309, 314 og 385.

1897 kom frumvarpið enn fram í breyttri mynd. Eftir því skyldu menn vera hálfraðir 16 ára og fullráðir 20, enda þá bærir um að ábyrgjast skuldbindingar fyrir aðra. Frumvarpinu byrjaði vel í deildunum, en það fjell í sameinuðu þingi með 23 atkv. gegn 12, út af ágreiningi um það, hvort maður skyldi verða fullráður 20 ára eða 21 árs, sjá nánar Alpt. 1897, A: 266, 376, 423, 475, 649 og 727; B: 537, 615, 710, 1573; C: Nr. 139, 257, 309, 385, 424, 449, 487 og 522.

Alþingisfrumvarpið 1899 var samhljóða frumvarpinu frá 1897 að öðru leyti en því, að fullraði um fjármál skyldi byrja með 21 árs aldri. Það var samþykkt í báðum deildum. Alpt. 1899 A: 289, 90; B: 789—90; C: Nr. 101 og 183, en synjað staðfestingar Stjt. 1900 B, bls. 107—08.

1909 var upphaflegu frumvarpi (um fjárræði) snúið upp í þingsályktunartillögu, sem fyr greinir.

Málið var litið rætt á Alþingi öll þau skifti, sem því var hreyft þar, en hafði þó örugt fylgi. 1889 gekk það fram í báðum deildum með miklum og samhljóða meirihluta og sömuleiðis með miklum samhljóða meirihluta í neðri deild 1891. 1897 gekk það í gegnum efri deild með öllum atkv. og hafði mikinn samhljóða meirihluta í neðri deild. 1899 var það samþykkt í báðum deildum, en hafði þá fæst atkv. í neðri deild, ekki nema 14 atkv. við 3. umræðu.

Breytingarviðleitnin hefir, svo sem drepíð er á, að eins snúist um gildandi reglur um fjárræði. Aftur á móti hefir enginn orðað breytingu á sjálfræðislöggjöfnni, enda er hún jafngömul lagasetningu vorri, sjá t. d. Grágás I, bls. 17 og 129. Að visu munu menn alment hafa talið sjálfræði frá 18 ára aldri, sbr. t. d. fyrnefnt stjórnarráðsbrjef 31. maí 1890, en það er vafalítið röng skoðun sjá 1. gr. hjúatilskipunarinnar 26. janúar 1866 og 3. og 32. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905.

Aðalbreytingarnar samkv. meðfylgjandi frumv. eru *lækkun fullræðisaldurs um fjármál*, úr 25 árum í 21 ár og *afnám hálfraðis*. Og skal nú farið nokkrum orðum um hvora breytinguna fyrir sig.

Fyrri breytingartillögunni verður naumast andmælt með annari ástæðu en venjulegri mótbáru gegn hverri nýbreytni, sem er, ótta fyrir því, að breyt-

ingin gefist ekki vel. En slíkur ótti er jafnvel ástæðulausari í hjer um ræddu falli en í flestum öðrum. Fyrst er nú það, að lögræðisaldurinn var jafnvel lægri en hjer er farið fram á alla leið fram á fyrsta þriðjung síðastliðinnar aldar, án þess að sögur fari af að illa hafi gefist. Að visu voru viðskifti manna þá óbrotnari og ótíðari en nú, en upp á móti því ætti að veða, að margbrotnara líf veldur bráðari þroska. — Í annan stað hefir ekki heyrst annað en að 21 árs fullræðisaldur gefist vel í Noregi og Svíþjóð, og mun þó líkt um þroska manna eftir aldri þar og hjer. Þess má og geta, að þó að 25 ára aldur hafi verið lögmæltur hjer til fulls fjárræðis um nokkurn tíma, þá hefir því ákvæði líklega óviðast verið fylgt, sist í venjulegum viðskiftum almennings. Eins og kunnugt er, kvænast karlar ósjaldan tvítugir og taka þá jafnframt við heimilisforráðum, og munu fáir skirrast við að eiga við slíka menn venjuleg viðskifti, enda yfirvalda sjaldan leitað til að skipa þeim meðráðamenn, nema um óvanaleg skifti sje að ræða, svo sem um ráðstöfun á fasteignum, og skipunin þá sjaldan nema til málamynda. Líku máli mun viðast hvar gegna um jafngamla ógifta karla og jafnvel um ógiftar konur á þeim aldri, enda svo gömlum mönnum ekki ókleyft að útveða sjer lögdursleyfi. Síðast en ekki sist má geta þess að 21 árs gamlir menn eru fullráðir fjár síns í öllum þeim löndum, sem Íslendingar skifta við, nema í Danmörku, og þar hlýtur brátt að reka að samskonar breytingu, enda er fjárræðisaldur, að Íslandi sleptu, svo kunnugt sje, hvergi hærri en 21 ár, nema í Danmörku einni. Og þó svo færi að lík breyting drægist þar, þá virðist engin ástæða til þess að fresta þess konar breytingu fyrir þá sök hjer, sje breytingin í sjálfu sjer til bóta. Hið pólitíska samband milli landanna útheimtir ekki fremur samræmi laga í hjer umræddu efni en öðru, enda ómögulegt að lög geti til lengdar haldist lík í jafn gagnólikum löndum og Ísland og Danmörk er, svo sannarlega sem lög verða að laga sig eftir atvikum, ekki síður en fót eftir vexli. Og að því er kemur til viðskifta við Danmörku, þá eru þau, hvort heldur lítið er á innflutning þaðan hingað eða útflutning hjeðan þangað, eins og eðlilegt er, vegna afstöðu landanna hvors til annars, og afstöðu Íslands til annara landa, samkvæmt yngstu verslunarskýrslunum (frá 1910) minni en við önnur lönd, og mun þó mikið af þeim vörum, sem fluttar eru hingað frá Danmörku, stafa frá öðrum löndum og mikið af því, sem flutt er hjeðan til Danmerkur, lenda að lokum í öðrum löndum. Hingað fluttar vörur frá Danmörku námu það ár 4,991 þús. kr. gegn 6,489 þús. kr. annarstaðar frá, bls. XXVII og þangað fluttar vörur 4,690 þús. kr. gegn 8,820 þús. kr. til annara landa, bls. XXXV, enda ekki ólíklegt, að Íslendingar líti framvegis fult svo mikið þangað, sem þeir fá *best* skifti sem þangað, er þeir hafa *lengst* skift. Og hvað sem öðru líður, yrði lengra eða skemmra ósamræmi milli íslenskra og danskra laga í hjer um ræddu efni ekki frekar til fyrirstöðu viðskiftum við Dani en ósamræmi það, sem hefir verið og er milli hjer að lútandi löggjafar annara viðskiftalanda vorra kann að hafa verið til óþæginda í viðskiftum við þau. Að öllu athuguðu virðist því miklu fremur ástæða til að binda fjárræði við 21 ár en að halda því við 25 ár.

Hitt kynni að virðast nokkru varhugaverðara, að afnema hálfraði um fjármál. Væri fjármunum hálfraðra hagrætt lögum samkvæmt, mætti svo virðast, sem þeir fengju þann veg gagnlegan undirbúning undir síðar fengið ein-

ræði yfir fje sínu. En eins og vikið er að að framan, mun meðráðamenska litt notuð víðast hvar á landi hjer, sist svo sem lög standa til, og jafnvel ekki ýkja-fá dæmi þess, að meðráðamenn hafi stundum hagað sjer sem forráðamenn og með því fremur spilt eignum skjólstaðinga sinna en varðveitt þær. Meðráðamensku fylgir og sá agnúi, að yfirfjárráðastjórnin hefir ekkert eftirlit með meðráðamönnum hálfraðra, og verða því allar deilur, sem rísa út af meðráðunum, að eins útkljáðar með dómi. Eins og vikið er að að framan var hálfraði um fjármál fyrst lögleitt hjer á landi með tilsk. 21. Des. 1831, og bæði af því, hve hlutfallslega ungt það er og hve lítið og jafnvel misjafnlega það hefir verið notað hjer í framkvæmdinni, þá mundi sennilega verða litill söknuður að því. Hjer má og geta þess, að ekki hefir þótt ástæða til að ákveða ekkjum og skildum konum, hvort heldur að fullu eða að borði og sæng, meðráðamenn að lögum. Slikar konur verða, eins og kunnugt er, fullráðar fjár sins, hversu ungar sem eru að aldri. Minna má og á það, að hálfraðum mönnum og jafnvel yngri mönnum er að vorum lögum og mörgum öðrum játað einræði um sjálfsafla og gjafafje, og er slikt fje þó í rauninni einkaeign flestra unglunga. Og að minsta kosti hefir erlendum löggjöfum yfirleitt ekki þótt hálfraði nauðsynlegt eða eftirsóknarvert, því að það mun hvergi lögmælt vera utan Þýskalands, Danmerkur, Noregs og Íslands. Hitt er satt, að breytingin mundi valda sýslumönnum og bæjarfógetum nokkurs aukins umstangs, og þó eigi nema að litlu leyti, því að eftirlit með fjárhaldsmönnum hefir orðið auðveldara að ekki litlu leyti, síðan löggiltir sparísjódir risu upp víðsvegar um landið, og orðið hlutfallslega auðvelt að ná annaðhvort til bankanna eða útbúa þeirra. Það verður því eigi sjeð betur en að hálfraði um fjármál megi missa sig. En þætti nauðsyn eða eftir atvikum æskilegt að halda hálfraði a. m. k. í bráð, þá ætti að byrja með sjálfræðisaldri manna eða með 16 ára aldri, en ekki með 18 ára aldri. Einræði um efni, sem geta óbeinlínis haft jafnvel hin mestu áhrif á fjárhag manns, virðist ekki vera vel samrýmanlegt fullkomnu óræði um fjármál, enda fer sjálfræði og hálfraði um fjármál saman, þar sem hálfraði á annað borð er lögmælt. Hið óverulega aukna umstang sýslumanna og bæjarfógeta út af síðarnefndri breytingu er ekki annað en eðlileg afleiðing af framþróun lífskjara þjóðarinnar, enda embætti til vegna þjóðarinnar en þjóðin ekki vegna þeirra.

Það er stungið upp á mörgum öðrum breytingum á gildandi löggjöf um fjárræði í frumvarpinu, en þeirra þykir rjettast að geta í athugasemdum við greinar frumvarpsins, eftir því sem breytingarnar koma fyrir.

Svo sem ákveðið er í þingsályktunartillögunni og óskað er eftir af stjórnarráðinu eru og teknar í frumvarpið reglur, er þykja að eiga gilda um sjálfræði. Sjálfræðisaldrinum er haldið óbreyttum, en að öðru leyti er farið fram á breytingu margra gildandi eða notaðra reglna um sjálfræði, en þeirra verður getið á víðeigandi stöðum í athugasemdunum.

Auk ástæðna þeirra, er getið hefir verið að framan, til nýrrar laga-setningar um lögræði, er sú enn ótalin, að það er a. m. k. ekki áferðarfallett, að eiga ekki jafnundirstöðukend lög og lög um lögræði á nuáli þjóðarinnar, enda einsdæmi sje lítið til annara landa. Hjer á landi eru að vísu mörg önnur merkislög enn einvörðungu til á dönsku, ekki svo mikið sem löggilt islensk

þýðing til af þeim, en þeim ómyndarhætti ætti að eyða og mætti, eftir 9 ára innlenda stjórn, ef til vill vera eytt enn frekar en raun hefir orðið á.

Að svo mæltu skal vikið að frumvarpsgreinunum:

Um 1. gr.

Hjer er stungið upp á 2 nýyrðum »lögræði« og »sjálfræði«. »Sjálfræði« og lýsingarorðið »sjálfráður« er að visu gamalt og gott orð, en hingað til haft í annari merkingu. En orðið virðist, auk þeirrar merkingar, því nær sjálfkjörið um þann hæfileika, sem hingað til hefir oftast verið kallaður »persónulegur myndugleiki«, en er hvorki danska nje islenska nje nokkurt annað mál. »Personlig Myndighed« merkir nákvæmlega lögvarða getu til að ráða sjálfum sjer. Og að því er kemur til hinnar merkingar orðsins »sjálfræði«, þá er tví-ræði eða margræði jafnvel algengra orða alltítt, enda segir sambandið jafnaðarlega til um merkinguna.

Lögræði sem heildarkenning á »myndugleika« mun og vera nýtilegt orð, þótt nýgjörvingur muni vera, og »lögráður« þá sjálfgefið lýsingarorð. Lögræði er myndað eftir »lögaldri«, en virðist heppilegra orð, tekur betur út yfir hugsunina, sem í hugtakinu liggur og lýsingarorð sjálfleitt af því, enda lög-»aldur«, sem aðallega, ef ekki eingöngu, hefir verið notuð um fjárræði, jafnvel ekki heppilegt heiti á því, meðan haldið er misjöfnum fjárræðisaldri, einum fyrir almenning og öðrum fyrir ekkjur og fráskildar konur.

»Fjárforræði« og »fjár sins ráðandi«, sama sem »fjárræði« og »fjárráður«, er aftur á móli ekki ótítt í löggjöf vorri, en merkir sumpart »myndugleika«, »l'abilité«, og sumpart »aðild«, »Competence« sbr. annars vegar: upphaf 15. gr. ts. 18. febr. 1847 og 10. gr. laga nr. 3, 12. jan. 1900 og hinsvegar 3. gr. laga nr. 86, 22. nóvbr. 1907, sbr. 11. gr. laga nr. 3, 12. jan. 1900. Ætti að reyna að greiða þau gagnólíku hugtök »habil« og »competent« um fjármál hvort frá öðru, og mundi þá tæpast finnast öllu tiltækilegra orð um fyrri hugtakið en »fjárráður« (fjárræði), en um hitt hugtakið mætti ef til vill hafa orðið fjárbær, sbr. dómbær o. s. frv.

Orðið »fullráður« í »fullræði« er haft um sjálfráðan og fjárráðan. Þykir betur valið en »fullveðja«, því að síðara orðið merkir í rauninni gjaldfæran mann, »veðja« komið af veð.

Um 2. gr.

1. mgr. er samkvæm gildandi lögum. Eftir bókstaf mgr. ætti kona, er giftist lögum gagnstætt, yngri en 16 ára, að vera ósjálfráð, en hún mundi þó ekki verða talin það, fremur hjer eftir en hingað til, og vantar þó beint ákvæði um það í gildandi lög. Hún gæti ekki verið háð valdi foreldra eða fyrverandi forráðamanns, og húsbóndarjetti bónda yfir konu er ekki játað. Hún yrði því að vera sjálfráð.

Það mun annaðhvort ekki hafa komið fyrir hjer á landi eða þá sára-sjaldan, að menn hafi verið sviftir sjálfræði, enda lítt lögmeilt um þá grein lögræðis. En með því að framtíð manns er mjög komin undir því, hvernig hann fer með ungdómsárin þá virðist a. m. k. æskilegt, að almenningsvaldinu sje lögheimilað að taka fram fyrir hendur á hættulega ráðlausum unglíngum í því efni.

2. mgr. er orðuð svo, að eigi að eins gildandi undantekningar frá sjálf-ræði 16 ára gamals manns heldur og undantekningar þær, er seinna kynnu að verða gjörðar, láta aðalregluna hlutlausa. Ákvæði 1. gr. laga 16. sept. 1893, nr. 15, og 1. gr. laga 30. júlí 1909, nr. 45, er slept hjer með vilja, en þeirra getið í 12. gr., með því að þar nefnt eftirlit virðist sett til tryggingar lögmæts umbúnaðar þar nefndra ráðstafana, enda falið faglærðum manni, en ekki lög-ráðamanni.

Um 3. gr.

Greinin fer í rauninni ekki með nýmæli, nema ef vera skyldi um for-eldrarjett stjúpbarna, og þó tæplega, eftir að stjúpforeldrum er gjört að skyldu að uppala stjúpbörn sín, 4. gr. fátækral. 1905. Lögmæltri skyldu verður að fylgja lögmæltur rjettur til að koma skyldunni fram. Í niðurlagi 1. mgr. grein-arinnar er gjörður samskonar fyrirvari um afbrigði frá reglunni og í 2. mgr. 2. gr.

Það er ætlast til þess að foreldri sje lögborið til uniráða um ósjálfrátt barn, og að því að eins komi til skipunar lögráðamanns, að foreldri sje ekki tiltækilegt.

Um 4. gr.

Um 1. mgr. vísast til inngangsummælanna.

2. mgr. fer ekki með nýmæli. Þó að bein lagaheimild sje ekki nema fyrir fullræði ekkna D. L. 3. 17. 41. sbr. tsk. 21. des. 1831, kgsbrj. 14. júní 1740, sbr. tsk. 5. mars 1735, 5. gr., og kgsbrj. 7. des. 1827, sbr. tsk. 30. apríl 1824, 3. gr. 6. lið, þá hafa fráskildar konur þó verið taldar fullráðar, samkv. lögjöfnun (analogia) frá ákvæðunum um ekkjur.

Það er naumast ástæða til að hafa hærra lögræðismark um ábyrgð fjár fyrir aðra heldur en um samskonar ábyrgð fyrir sjálfan sig, enda tíðkast það ekki annarstaðar. Yrði mgreinin lögtekin fjelli N. L. 1. 21. 9. úr gildi, sje hann á annað borð lögleiddur hjer (kgsbrj. 2. maí 1732), og sama máli gegndi auðvitað um D. L. 1. 23. 12., sem þó tæplega er gildur hjer, þó að eftir hon-um muni hafa verið farið sumstaðar. Í niðurlagi mgr. er gjörður samskonar fyrirvari um afbrigði og getið er á undan.

Í 4. mgr. er gildandi regla að eins beint orðuð og reglunni látinn fylgja líkur fyrirvari og fyr.

Um 5. gr.

Eins og getið er um í athgs. út af 2. gr., [mun tæpast nein lagaheim-ild fyrir því að svifta menn sjálf-ræði, en heimild til þess er a. m. k. æskileg og því beint orðuð hjer. Hingað til hafa orðin »fjárhaldsmaður« og »meðráða-maður« verið höfð um umráðamenn ófjárráðra, og fjárhaldsmaður jafnframt notað [um umráðamenn ósjálfráðra, en í siðarnefndri merkingu er orðið litt nýtilegt og ónýtilegt í því tíða falli að unglíngurinn á ekkert fjemætt. Lög-ráðamaður virðist eiga jafnvel við umráðamenn ósjálfráðra sem ófjárráðra og mundi eiga að fylgja orðunum »lögræði« og »lögráður«, yrðu þau löghelguð, enda »lögráðandi« notað í Grágás I, sjá t. d. bls. 17, 4. l. a. n. Að öðru leyti virðist ekki ástæða til að fjölyrða um greinina.

Um 6. gr.

Það eru nú lög í flestum ef ekki öllum löndum álfunnar utan Íslands og Danmerkur, að dómstólar, vanalega sjerstakir dómstólar, svifta menn lög-ræði. Samkvæmt íslenskum og dönskum lögum er það vald aftur á móti ein-vörðungu í höndum umboðsstjórnarinnar, svo að þess er jafnvel enginn kost-ur að láta dómstóla prófa meðferð þess, hversu vefengt sem væri. Að vísu hefir umboðsstjórnin ekki misbeitt hjer umræddu valdi svo að sögur fari af, og kynni því að virðast óþarfi að breyta til. En hinsvegar er hjer um svo af-aráhrifamikla ráðstöfun að ræða — lögræðissviftur maður er í rauninni gjörður barn í annað sinn — að varhugavert virðist, að varna þeim, sem kynni að vera óánægður með úrskurð umboðsstjórnarinnar, að leita þess stjórnvaldsins, sem skapað er aðallega til verndar einstaklingunum. Aftur á móti virðist ekki vera ástæða að taka lögræðissviftingar-valdið alveg af umboðsstjórninni og fá það dómstólunum, sist sjerstökum dómstólum, enda leiddi slik breyting til of mikils umstangs og kostnaðar, jafnsjaldan og menn eru sviftir lögræði hjer á landi.

Hjer er því gildandi reglu haldið, og lögræðissviftum, eða nánasta venclamanni, sje lögræðissviftur ekki ályktunarfær, að eins leyft að skjóta úr-skurði stjórnarráðs til landsyfirdóms.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ekki orðandi nýmæli. Samkv. 3. mgr. er aftur á móti ætlast til, að lögmælt verði að úrskurðar um lögræðissviftingu verði getið í verslunarskrá, reki lögræðissviftur atvinnu; er geta ber eða getið er þar. Um lika athugasemd í skipaskrá er óþarft að gjöra sjerstakt ákvæði, vegna 2. gr. laga 16. Nóv. 1907, nr. 20.

Um 8. gr.

Fyrri mgreinin fer ekki með efnisnýmæli, lögfestir aðallega með ský-lausum orðum gildandi reglu.

Af því að það getur valdið miklu eignatjóni, ef látið er undir höfuð leggjast að geta þegar úrskurðar um lögræðissviftingu í bókum þeim, er vera eiga allmenningi til leiðbeiningar um öryggi ýmsra markverðra ráðstafana, þykir rjett að leggja skýlaust ábyrgð við vanrækslu í því efni, enda dæmi til likra lögmætra viðurlaga, t. d. í 67. og 68. gr. fátækralaga 1905.

Um 9. gr.

Af því að svo mikið er í húfi fyrir lögræðissviftan, enda naumast ráð fyrir því gjörandi, að til mikils umstangs eða kostnaðar geti dregið fyrir al-menningsvald eða landssjóð, virðist eiga að greiða svo vel fyrir og tryggja svo vel sem kostur er á sem vandaðastan úrskurð um lögræðissviftingu manna. Þess vegna er lagt til, að úrskurði stjórnarráðs megi ávalt skjóta til landsyfirdóms, að leggja megi þar fram nýjar skýrslur að prófun lögmætis úrskurðar fyrir dómi fari eftir reglum almennra lögreglumála og að kostnaður allur greiðist af almannaþje. Frumvarpsgreinin er að miklu leyti sniðin eftir tilsva-randi fyrirmælum í norskum lögum 28. nóv. 1898, 17., 19. og 25. gr. Sá helst-ur munurinn, að hjer er ætlast til, að landssjóður greiði yfirleitt allan kostu-

að af prófun úrskurðar, að eins með undantekningu þeirri, sem ræðir um í síðustu mgr. greinarinnar, en samkv. norsku lögnum (24. og 25. gr.) greiðist prófunarkostnaður af lögræðissviftum, meðal annars, verði lögræðissviftingin staðfest. Sú tilhögun má og til sanns vegar færast, en eftir henni þó ekki farið hjer, af því að hún gæti valdið því, að dómsúrskurðar yrði síður leitað. Hins vegar má búast við því, að mönnum yrði ef til vill óþarflega gjarnt á að bera úrskurð stjórnarráðs undir landsyfirdóm með hjer ráðgjörðu fyrirkomulagi, en það væri eftir atvikum skárri en hitt, enda töluverð vörn gegn misbrúkunum í niðurlagi síðustu málsgreinar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast væntanlega ekki sjerstakrar skýringar.

Um 11. gr.

Með 1. mgr. er stofnað til litilla eða engra breytinga á gildandi reglum. Þó er ætlust til þess, að sýslumaður eða bæjarfógeti skipi jafnvel lögborna lögráðamenn, með þeirri einu undantekningu, er getur í mgreininni, og er það að visu líklega breyting á framkvæmd hjer að lútandi ákvæða, a. m. k. sumstaðar á landinu, en naumast á ákvæðunum sjálfum, sjá 2. gr. tsk. 18. Febr. 1847, sbr. 14. gr. skiftalaganna 12. apr. 1878.

Konur hafa hingað til ekki getað haft á hendi fjárhald fyrir aðra, nema samkv. D. L. 3. 17. 14., sbr. tsk. 21. Des. 1831. En nú er konur geta orðið yfirfjárráðendur og yfirleitt gegnt sömu embættum og karlmenn, sbr. lög nr. 51, 11. júlí 1911, þykir rjett að taka það beint fram í 2. mgr., að þær geti verið lögráðendur annara, jafnt körlum. Eftir núgildandi reglum, D. L. 3. 17. 9.—11., sbr. tsk. 21. Des. 1831, má hvorki stjúi, óskilfenginn bróðir, nje unnusti vera fjárhaldsmaður stjúpbarns, skilgetins systkinis eða unnustu, en engin ástæða virðist til að halda í þær úrelltu reglur, sbr. fyrri mgr. athgs. við 3. gr. að því er kemur til stjúforeldris. Að öðru leyti er mgreinin yfirleitt samkvæm gildandi reglum.

3. mgr. er í öllu verulegu samkvæm gildandi reglu, D. L. 3. 17. 2., sbr. tsk. 21. Des. 1831.

Svo er og um 4. mgr., að því viðbættu, að ætlast er til, að óskilfenginn faðir geti verið lögráðamaður óskilgetins barns sins, sje móðir ekki til, hafi hann sýnt föðurrækt til barnsins með þar umræddum hætti.

Um 12. gr.

Þykir ekki ástæða til að fjölyrða. Látið nægja að skirskota um niðurlag greinarinnar til athgs. um 2. mgr. 2. gr.

Um 13. gr.

gegnir líku máli, enda ekki stofnað til breytinga á gildandi reglum.

Um 14. gr.

Reglur tsk. 18. febr. 1847, um afstöðu lögráðamanns til ólögráðs og yfirfjárráðanda, eru svo góðar í sjálfu sjer og hafa gefist svo vel, þar sem þeim hefir verið rækilega fylgt, að traudla mundi verða breytt til batnaðar, sist án

mikils umstangs og allmikils kostnaðar. Þvi er lagt til, að þeim reglum og öðrum þar að lútandi sje haldið óbreyttum.

Um 15. gr.

er óþarfi að orðlengja. Fyrri málsgreinin nokkurnveginn sjálfgefið millibilsákvæði. En um afnám hálfraðis um fjárráðstafanir að öðru leyti visast til inngangs athugasemdanna.

Um 16. gr.

er heldur ekki ástæða til að gjöra sjerstakar athugasemdir. Athygli er að eins leidd að því, að með afnámi a og b liðs 1. gr. í I. kap. tsk. 21. Des. 1831 væru ákvæði D. L. 3. 17. úr gildi þúmin og yrði frumvarp þetta eða eitthvað þvilikt jafnframt lögtekið, væru fengin islensk ákvæði um eitthvert markverðasta at-
riði í lögum hverrar þjóðar sem er.

Reykjavík, 31. mars 1913.

Lárus H. Bjarnason.

6.—10. gr. í frumvarpi L. H. Bjarnason prófessors.

6. gr.

Stjórnarráðið sviftir mann sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, og fer um það eftir reglum þeim, sem hingað til hefir verið farið eftir um sviftingu fjárræðis. Þó má sá, er sviftur er sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, eða lögráður maki hans, lögrátt foreldri, barn, systkin eða jafnmæggður í hans stað, skjóta úrskurði stjórnarráðs til landsyfirdóms, innan tveggja mánaða frá birtingu úrskurðar fyrir lögræðissviftum eða næsta venslamanni.

7. gr.

Úrskurður stjórnarráðs um sviftingu lögræðis skal kveða skýlaust á um það, hvort maður sje sviftur sjálfræði eða fjárræði eða hvorutveggja, enda sje ástæðna getið.

Úrskurðinn skal birta með stefnuvottum fyrir lögræðissviftum eða, sje hann vitskertur, fyrir næsta venslamanni, svo og í lögbirtingablaði landsins. Svo skal og þinglýsa úrskurðinum að varnarþingi lögræðissvifts.

Eigi lögræðissviftur fasteign, hjer skrásett skip eða reki hann atvinnu, sem geta ber eða getið er í verslunarskrá, skal þinglýsa úrskurðinum á varnarþingi fasteignar og skipa og bóka athugasemd um úrskurðinn í verslunarskrá. Stjórnarráðið sendir eftirrit af úrskurðinum stjórnvöldum þeim, sem hlut eiga að máli. Fyrir þinglýsinguna skal ekkert gjald greiða.

8. gr.

Allar þær ráðstafanir skulu vera ógildar, er sjálfræðis- eða fjárræðis-
sviftur hefir gjört eftir þinglýsing úrskurðar að varnarþingi hans, eða sje um

að ræða ráðstöfun á fasteign eða skipi eftir fyrirframinnfærslu úrskurðar í þinglýsingabók — enda sje úrskurðinum þinglýst innan lögtítekens tíma — eða, eftir ritun athugasemdar í verslunarskrá, sje um gjörð að ræða, er snertir skrásetningarskyldu eða skrásetta atvinnu. Hins vegar eru allar ráðstafanir lögræðissvifts gildar, er áður hafa verið gjörðar, nema það sannist að sá, er rjettarvon átti að ráðstöfuninni, hafi vitað af úrskurðinum, þó að óþinglýstur eða óbókaður væri.

Það er skylda sýslumanns og bæjarfógeta, að viðlagðri skaðabótaskyldu samkvæmt algengum reglum, að geta úrskurðar í þinglýsingarbók fasteigna og í skipa- og verslunarskrám, þegar er þeir taka við úrskurðareftirriti stjórnarráðsins.

9. gr.

Nú er úrskurði stjórnarráðs um sviftingu lögræðis skotið til landsyfirdómsins, og skipar þá dómstjóri löggiltan yfirrjettarmálafærlumann til að sækja málið af hendi þess, er sviftur er lögræði og annan til varnar úrskurði stjórnarráðs. Málsvarar geta, hvor um sig, lagt fram nýjar skýrslur í yfirdómi, og eftir atvikum heimtað málavexti prófaða í hjeraði. Málskostnaður í yfirdómi greiðist af almannaþje. Að öðru leyti fer um meðferð málsins þar svo sem um »opinber« mál.

Fallist yfirdómur á kröfu um rannsókn málavaxta í hjeraði, skulu málavextir rannsakaðir þar eftir reglum almennra lögreglumála og þær skýrslur útvegaðar, er yfirdómur hefir krafist. Þó skal ávalt skipa þeim, er sviftur hefir verið lögræði, valinkunnan rjettargæslumann. Málskostnaður í hjeraði greiðist af almannaþje.

Hafi úrskurðar um lögræðissviftingu verið aflað hjá stjórnarráði með sýnilega róngum skýrslum eða á líkan hátt, á að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögræðissviftingin hefir gefið tilefni til.

10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar úrslitaúrskurð yfirdóms. Hafi yfirdómur felt úrskurð stjórnarráðs úr gildi, sendir stjórnarráðið stjórnvaldi því, er í hlut á, eftirrit af úrskurði yfirdóms, en því ber þegar að afmá lögræðissviftingarúrskurð stjórnarráðsins úr bókum sínum og síðan að aflýsa rsúkurðinum, hafi honum verið þinglýst, hvorttveggja endurgjaldslaut.

6. Framvarp

um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir rjetti.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Nú er manni stefnt í dóm til að bera vitni, ber honum 50 aura þókn-

un fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna stefnunnar, þó aldrei meira en 6 kr. um sólarhringinn.

2. gr.

Purfi vitnið að fara meira en $7\frac{1}{2}$ kílómeter (mílu) á landi eða 3,7 kílómetra ($\frac{1}{2}$ viku) á sjó, ber því 50 aura þóknun í ferðakostnað fyrir hverja farna mílu á landi eða hverja $\frac{1}{2}$ viku sjávar.

3. gr.

Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal borgun greidd fyrirfram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, er dæmdur er í málskostnað með endilegum dómi.

Í einkamálum skal gjaldið greitt af þeim, er krefst vitnaleiðslunnar. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Vitnadómarinn ákveður í hvert sinn hve mikla þóknun greiða skuli hverju vitni.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Fyrir Alþingi 1891 var af hálfu landsstjórnarinnar lagt frumvarp um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. Þá voru nýkomin í Danmörku lög um sama efni, og var frumvarpið 1891 sniðið eftir þeim lögum. Ákvæði frumvarpsins voru þau, er hjer greinir:

Ef ætla má að maður, er stefnt er til að bera vitni í opinberu máli biði tekjutjón af burtveru frá heimili sínu, má dómarinn veita vitninu 1 kr. í þóknun fyrir alt að 4 tíma tóf vegna rjettarhaldsins, en 2 kr. um daginn, sje tófin lengri, enda þyki dómara eftir öllum efnahag vitnisins ástæða til að bæta því upp tjón þetta. Auk þess skyldi greiða vitninu 50 aura fyrir hverja farna mílu.

Það er tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að þótt það sje í sjálfu sjer eðlilegt að vitni, hvort er í opinberum málum eða einkamálum, fái þóknun fyrir tímatóf og kostnað, þá »þyki það fyrst og fremst vafasamt, hvort vitnaskyldan eigi ekki, einmitt samkvæmt eðli sínu að vera, eins og hún eftir gildandi lögum er, ein af þeim mörgu skyldum, sem allir þeir, er lifa í borgaralegu mannfjelagi, mannfjelagsins vegna verði að þola endurgjaldslaust, og hvort það því ekki mundi hafa hættulegar afleiðingar í för með sjer, yrði heimting á endurgjaldi lögheimiluð«. Þessar mótbárur eru þó ekki taldar einhlítar. Það er bent á það, að borgaraleg skyldustörf, sem áður var engin þóknun fyrir, sjeu nú að miklu leyti launuð. Það er viðurkent í ástæðum stjórnarinnar, að þótt sú hugsun verði fyrst fyrir, að vitnaþóknunin eigi að ná til allra vitna, þá hafi þó rjett þótt vera að fara ekki fram á borgun til vitna nema í opinberum málum, vegna þess að þegar um einkamál sje að ræða megi ekki líta einungis á hag vitnisins, heldur verði einnlg að gæta þess hve mjög kostnaður við rekstur einkamála mundi aukast, ef vitni í þeim málum ætti heimting á þóknun.

að ræða ráðstöfun á fasteign eða skipi eftir fyrirframinnfærslu úrskurðar í þinglýsingabók — enda sje úrskurðinum þinglýst innan lögtiltekins tíma — eða, eftir ritun athugasemdar í verslunarskrá, sje um gjörð að ræða, er snertir skrásetningarskyldu eða skrásetta atvinnu. Hins vegar eru allar ráðstafanir lögræðissvifts gildar, er áður hafa verið gjörðar, nema það sannist að sá, er rjettarvon átti að ráðstöfuninni, hafi vitað af úrskurðinum, þó að óþinglýstur eða óbókaður væri.

Það er skylda sýslumanns og bæjarfógeta, að viðlagðri skaðabótaskyldu samkvæmt algengum reglum, að geta úrskurðar í þinglýsingarbók fasteigna og í skipa- og verslunarskrám, þegar er þeir taka við úrskurðareftirriti stjórnarráðsins.

9. gr.

Nú er úrskurði stjórnarráðs um sviftingu lögræðis skotið til landsyfirdómsins, og skipar þá dómstjóri löggiltan yfirrettarmálaráðgjafarmann til að sækja málið af hendi þess, er sviftur er lögræði og annan til varnar úrskurði stjórnarráðs. Málsvarar geta, hvor um sig, lagt fram nýjar skýrslur í yfirdómi, og eftir atvikum heimtað málavexti prófaða í hjeradi. Málskostnaður í yfirdómi greiðist af almannaþje. Að öðru leyti fer um meðferð málsins þar svo sem um »opinber« mál.

Fallist yfirdómur á kröfu um rannsókn málavaxta í hjeradi, skulu málavextir rannsakaðir þar eftir reglum almennra lögreglumála og þær skýrslur útvegaðar, er yfirdómur hefir krafist. Þó skal ávalt skipa þeim, er sviftur hefir verið lögræði, valinkunnan rjettargæslumann. Málskostnaður í hjeradi greiðist af almannaþje.

Hafi úrskurðar um lögræðissviftingu verið aflað hjá stjórnarráði með sýnilega röngum skýrslum eða á líkan hátt, á að dæma þann eða þá, sem um það reynast sekir, til þess að greiða að skaðlausu allan þann kostnað, sem lögræðissviftingin hefir gefið tilefni til.

10. gr.

Dómstjóri sendir stjórnarráðinu þegar úrslitaúrskurð yfirdóms. Hafi yfirdómur felt úrskurð stjórnarráðs úr gildi, sendir stjórnarráðið stjórnvaldi því, er í hlut á, eftirrit af úrskurði yfirdóms, en því ber þegar að afmá lögræðissviftingarúrskurð stjórnarráðsins úr bókum sínum og síðan að aflýsa rsúkurðinum, hafi honum verið þinglýst, hvorttveggja endurgjaldslaut.